

Kafað eftir minjum

Tréugla



Tómas Knútsson heyrði fyrst af strandinu árið 1977. Árið 2002 fór hann ásamt köfunarfélögum sínum, Davíð Sigurbórssyni og Kristni Gallagher, í fyrstu ferðina á svæðið. Strax í

Kafararnir að störfum.


þeirri ferð fundu þeir ankerið og keðjulásinn á hafsbotni. Samkvæmt landslögum þarf að tilkynna allt sem finnst og er yfir 100 ára gamalt til Minjastofnunar ríkisins. Þeir félagar tilkynntu fundinn og fengu í kjölfarið einkaleyfi til að rannsaka staðinn.



Ankerið við Efra-Sandgerði.

Ankerið var híft á land árið 2008 og fór í forvörslu eftir leiðbeiningum Minjastofnunar. Þegar því ferli lauk var tréstokkur smíðaður undir ankerið. Samkomulag var um að ankerið yrði sett fyrir utan Efra-Sandgerði en það hús er smíðað úr timbri úr skipinu.

Þegar ankerinu var lyft frá hafsbotni, af um 10 metra dýpi, voru notaðir lyftibelgir sem höfðu yfir 4 tónna lyftigetu. Ankerið ásamt tréstokki eru um 2500 kg að þyngd. Umhverfissamtökin Blái herinn sáu um alla framkvæmd og köfun á svæðinu. Samtökin fengu ýmsa aðila til að styrkja verkefnið, m.a. Sandgerðisbæ, Reykjaneshöfn og Faxaflóahafnir. Starfsmenn Fúsa ehf. sáu um að sandblása og mála ankerið og starfsmenn Stafrés í Sandgerði sáu um að smíða tréstokkinn.



Ankerið híft á land.

Koparnagli



Keðjulás



Stálnagli



Steinn úr barlest

Stálnagli